



Loftslags- og atvinnuvegaráðuneyti
Loftslags- og umhverfisráðherra

Svar við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs E24 um Kunming-Montreal-samninginn

Svíþjóð hefur sem formennskuríki mótttekið fyrirspurn Norðurlandaráðs E24 „Skrifleg fyrirspurn vegna samþykktar Kunming-Montreal-samningsins um lífbreytileika í desember 2022“.

Norðurlandaráð beinir eftirfarandi fyrirspurnum til norrænu ríkisstjórnanna:

- 1. Ríkisstjórnin er beðin um að gera grein fyrir því hvernig aðgerðaáætlun landsins um lífbreytileika (NBSAP) hefur verið uppfærð og endurnýjuð með vísan til Kunming-Montreal-samningsins um lífbreytileika og ákvörðunar 15/6, þar á meðal hvaða breytingar hafa verið gerðar á áætluninni til samræmis við ný markmið samningsins um lífbreytileika og hvort uppfærð áætlun var send skráningarmiðstöðinni (clearing-house mechanism) fyrir 16. loftslagsráðstefnu samningsríkjanna.*

Innlend aðgerðaáætlun Dana (NBSAP) segir frá framtaksverkefnum sem eiga að stuðla að því að markmið Kunming-Montreal-samningsins náist en þessi verkefni byggjast á þremur almennum efnisatriðum: Meiri og betri náttúru,

sambættingu á sviði náttúru og lífbreytileika og alþjóðlegum verkefnum. Í hverjum efnisflokki eru margvísleg verkefni sem þjóna einu eða fleiri markmiðum, sjá fylgiskjal 2 í aðgerðaáætluninni sem má finna [hér](#) á dönsku og [hér](#) á ensku. Áætlunin var birt rafrænt í skráningarmiðstöðinni 21. október 2024.

Grænland á aðild að samningaviðræðum um lífbreytileikasamninginn CBD gegnum viðræðunefnd Konungsríkisins Danmerkur og stendur þannig vörð um sérstaka hagsmuni sína. Árið 2021 markaði ríkisstjórn Grænlands Naalakkersuisut stefnu um lífbreytileika, „[Grønlands biodiversitetsstrategi 2030](#)“, sem mælir fyrir um vernd og stjórnun líffræðilegs fjölbreytileika og lífandi auðlinda í landinu. Í stefnunni felast fimm markmið og fjögur til fimm undirmarkmið með hverju.

Finnar hafa ekki lokið við aðgerðaáætlun sína að þessu leyti (NBSAP) og hún hefur því ekki verið birt. Markmið Finnlands vegna Kunming-Montreal-samningsins voru skráð í skráningarmiðstöðina á netinu á fundi CBD í ágúst 2024 (CBD ORT online reporting system).

Ísland vinnur sem stendur að endurnýjun og endurskoðun innlendar aðgerðaáætlunar um lífbreytileika (NBSAP). Þess vegna höfðu Íslendingar ekki tök á að birta áætlunina fyrir ráðstefnu aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega

fjölbreytni (CBD COP16) í Cali í Kólumbíu 21. október til 1. nóvember 2024.

Ríkisstjórn Noregs gaf út yfirfarna aðgerðaáætlun landsins 27. september 2024 í formi skýrslu til Stórpingsins ([Meld. St. 35 \(2023-2024\) Baerekraftigt bruk och och bevaring av natur – norsk handlingsplan för naturmangfold](#)). Í aðgerðaáætluninni er meðal annars að finna yfirlit um stöðu mála í Noregi hvað varðar hvert og eitt hinna 23 markmiða Kunmíg-Montreal-samningsins, ráðstafanir og aðferðir til að ná markmiðunum og framlag landsins til allra markmiðanna tuttugu og þriggja.

Aðgerðaáætlun Noregs var skilað í skráningarmiðstöðina CBD fyrir COP16-ráðstefnuna og þar með telst Noregur til þeirra 44 landa sem hafa lokið endurskoðun aðgerðaáætlunar sinnar.

Svíar hafa sett landi sínu 60 markmið sem svara til markmiðanna í alþjóðlegri rammaáætlun COP16. Ríkisstjórnin lýkur við aðgerðaáætlun sína um líffræðilega fjölbreytni á árinu 2025.

2. Getur ríkisstjórnin látið Norrænu sjálfbærnefndinni í té, í upplýsingaskyni, endurskoða aðgerðaáætlun sína um lífbreytileika?

Ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum láta með ánægju Norrænu sjálfbærnefndina í Norðurlandaráði hafa landsbundnar aðgerðaáætlanir sínar um lífbreytileika (NBSAP) þegar þær eru aðgengilegar. Í svarbréfi þessu er að finna slóð á aðgerðaáætlun þeirra landa sem þegar hafa gert skjöl sín þar að lútandi opinber.

3. *Getur ríkisstjórnin gert grein fyrir því hvernig samráði við frjáls félagasamtök og frumbyggja var háttað þegar unnið var að endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar?*

Aðgerðaáætlun Danmerkur var samin í samráði við viðkomandi stjórnvöld og haghafa. Áætlunin fór í umsagnarferli í ágúst 2024 og eru umsagnirnar teknar saman hér: [Høringsportalen - National handlingsplan for biodiversitet.](#)

Til að tryggja aðkomu almennasamtaka og frumbyggja var stefna Grænlands um lífbreytileika kynnt í tveggja mánaða löngu opinberu samráði áður en lokið var við hana og hún samþykkt.

Samar, frjáls félagasamtök, sveitarfélög og atvinnulífið hafa tekið þátt í undirbúningi og mótun aðgerðaáætlunar Finnlands.

Við undirbúning Íslands að innlendri aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni (NBSAP), sem nú stendur sem hæst, er haft samráð við félagasamtök með opnu samráðsferli sem og beinum viðræðum við óopinbera hagsmunahópa.

Loftslags- og umhverfisráðuneyti Noregs hefur efnt til samráðsfunda með sveitarfélögum í einstökum byggðalögum, félagasamtökum og aðilum atvinnulífsins auk Samþingsins og samtaka frumbyggja. Ráðuneytið tók einnig með ánægju við skriflegum sjónarmiðum eftir fundina sem eru tekin saman hér: [Regionale innspillmøter om stortingsmeldinger for klima og naturmangfold - regjeringen.no.](#) Loftslags- og

umhverfisráðuneytið hefur verið í nánnum tengslum við Samþingið um gerð aðgerðaáætlunarinnar og haldið með því marga fundi, bæði á stjórnslustigi og vettvangi stjórnmalanna. Til dæmis að taka heimsótti Andreas Bjelland Eriksen loftslags- og umhverfisráðherra (nú í leyfi frá störfum) Samþingið í Karasjok í apríl 2024 til að ræða framkvæmd lífbreytileikasamningsins í Noregi. Samþingið sendi loftslags- og umhverfisráðuneytinu ýmsar athugasemdir meðan á undirbúningi skýrslunnar til Stórningsins stóð. Fjallar kafli 2.7 um vonir sem Samþingið gerir sér um árangurinn af samningnum.

Áður en COP15-ráðstefnan var haldin hafði sænsku umhverfisstofnuninni Naturvårdsverket meðal annars verið falið að ræða við óháð félagasamtök og fulltrúa frumbyggja í Svíþjóð. Er litið til þess við gerð aðgerðaáætlunarinnar þar í landi.

Fyrir hönd ríkisstjórnanna á Norðurlöndum,

Romina Pourmokhtari,

loftslags- og umhverfisráðherra Svíþjóðar